

Fundargerð 766. fundar

stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga

Árið 2009, föstudaginn 28. ágúst kl. 12:00 kom stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga saman til fundar að Borgartúni 30, Reykjavík.

Fundinn sátu: Halldór Halldórsson, Þorleifur Gunnlaugsson, Hanna Birna Kristjánsdóttir, Dagur B. Eggertsson, Lúðvík Geirsson, Gunnar Einarsson, Elín R. Líndal, Sigrún Björk Jakobsdóttir, Sigrún Stefánsdóttir í forföllum Smára Geirssonar, Aldís Hafsteinsdóttir og Þorvaldur Guðmundsson.

Að auki sátu fundinn Karl Björnsson framkvæmdastjóri og sviðsstjórnarnir Anna Guðrún Björnsdóttir, Guðjón Bragason, Gunnlaugur A. Júlíusson, Inga Rún Ólafsdóttir og Magnús Karel Hannesson sem ritaði fundargerð.

Fundargerðin var færð í tölvu.

Þetta var tekið fyrir:

1. Fundargerð 765. fundar - 0812686SA

Lögð var fram til staðfestingar fundargerð 765. stjórnarfundar frá 26. júní 2009.

Fundargerðin var staðfest og undirrituð.

2. Samskipti ríkis og sveitarfélaga - 0409009SA

Lagðar voru fram fundargerðir Jónsmessunefndar frá 24. júní, 1. júlí, 6. júlí, 10. júlí, 19. ágúst og 25. ágúst 2009, ásamt minnisblaði frá samgönguráðuneytinu, dags. 9. júlí 2009, um efnahagssamráð ríkis og sveitarfélaga og erindisbréfi fyrir samráðnefnd um efnahagsmál frá 25. ágúst 2009.

Fulltrúar sambandsins í Jónsmessunefnd, Halldór Halldórsson og Dagur B. Eggertsson, gerðu nánari grein fyrir störfum nefndarinnar og framkvæmdastjóri ræddi um breytingar á erindisbréfi samráðsnefndar um efnahagsmál. Þar er gert ráð fyrir því að fulltrúum sambandsins verði fjölgað um einn.

Stjórnin samþykkti erindisbréf samráðsnefndar ríkis og sveitarfélaga um efnahagsmál og jafnframt að Benedikt Valsson, hagfræðingur og sérfræðingur á kjarasviði sambandsins, sitji í nefndinni auk Sigurðar Snævarr borgarhagfræðings og Gunnlaugs A. Júlíussonar, sviðsstjóra hag- og upplýsingasviðs.

Eftirfarandi samþykkt var gerð á fundinum:

Stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga ítrekar fyrri athugasemdir sambandsins við ráðstafanir ríkisstjórnarinnar í ríkisfjármálum sem hafa veruleg áhrif til hækkunar á útgjöldum sveitarfélaga á þessu ári og því næsta, en staða margra sveitarfélaga er mjög erfið nú þegar. Áætlað er að áhrifin af hækkun tryggingagjalds muni nema um tveimur milljörðum króna

á árunum 2009–2010 og hefur í för með sér að öll sú hagræðing sem sveitarfélögin hafa verið að vinna að í launaútgjöldum er unnin fyrir gýg.

Hækkun tryggingagjaldsins og aðrar ráðstafanir Alþingis og ríkisstjórnar í fjármálum ríkisins eru verulega íþyngjandi fyrir sveitarfélögin og mjög erfitt fyrir þau að taka slíkar byrðar á sig án þess að tekjustofnar komi á móti. Stjórnin leggur áherslu á að hækkun tryggingagjalds vari ekki lengur en þörf er á og varar jafnframt við því að gjaldið verði hækkað frekar en orðið er. Stjórnin felur fulltrúum sínum í nefnd um endurskoðun tekjustofna sveitarfélaga að taka málið upp í nefndinni og fylgja því eftir á þeim vettvangi.

Stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga ítrekar vilja sinn til þess að taka þátt í því með ríkisstjórninni að ná tökum á fjármálum hins opinbera.

Hanna Birna Kristjánsdóttir vék af fundi tímabundið kl. 13:00.

3. Sóknaráætlun 20/20 - 0905168SA

Lögð voru fram gögn vegna vinnu við sóknaráætlunar 2020 fyrir Ísland. Jafnframt var rætt um verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga og tekin til umfjöllunar á ný tillaga um eflingu sveitarstjórnarstigsins sem lykilatriði út úr kreppunni, sem var til umfjöllunar á 760. fundi stjórnar sambandsins 23. janúar 2009, sbr. 8. tölulið þeirrar fundargerðar.

Eftirfarandi samþykkt var gerð á fundinum:

Stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga telur að samþykktir landsþings sambandsins falli vel að vinnu við gerð sóknaráætlunar fyrir Ísland og hvetur sveitarfélög og landshlutasamtök þeirra til þess að taka þátt í verkefninu með hliðsjón af eflingu sveitarstjórnarstigsins.

4. Þingsályktunartillaga um náttúruverndaráætlun 2009-2013 - 0906011SA

Lagt var fram minnisblað sviðsstjóra lögfræðisviðs sambandsins, dags. 25. ágúst 2009, þar sem sett er fram gagnrýni á afgreiðslu umhverfisnefndar Alþingis á þingsályktunartillögu um náttúruverndaráætlun 2009-2013.

Eftirfarandi samþykkt var gerð á fundinum:

Stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga gagnrýnir harðlega afgreiðslu umhverfisnefndar Alþingis á þingsályktunartillögu um náttúruverndaráætlun 2009–2013 og telur óásættanlegt að svo mikilvæg mál séu afgreidd úr þingnefnd án þess að tekin sé rökstudd afstaða til athugasemda sveitarfélaga og samtaka þeirra til málsins.

5. Fjármálaráðstefna sveitarfélaga 2009 - 0904134SA

Lögð voru fram drög að dagskrá fjármálaráðstefnu sveitarfélaga sem sviðsstjóri hag- og upplýsingasviðs gerði nánari grein fyrir.

Stjórnarmenn komu á framfæri athugasemdum og hugmyndum um dagskrána og var starfsmönnum sambandsins falið að vinna áfram að undirbúningi fjármálaráðstefnunnar í samræmi við umræður á fundinum.

Hanna Birna Kristjánsdóttir kom aftur til fundar kl. 14:15.

6. Kjör varaformanns - 0610309SA

Formaður lagði til að Þorleifur Gunnlaugsson yrði kjörinn varaformaður sambandsins í stað Svandísar Svavarsdóttur, sem lét af störfum í stjórn sambandsins í júní sl.

Tillaga formanns var samþykkt með átta atkvæðum. Þrír sátu hjá.

7. Umsögn um frumvarp til laga um kosningar til sveitarstjórna - persónukjör - 0908021SA

Lögð voru fram drög, dags. 25. ágúst 2009, að umsögn um frumvarp til laga um breytingar á lögum um kosningar til sveitarstjórna (persónukjör), sem formaður og sviðsstjóri lögfræðisviðs sambandsins gerðu nánari grein fyrir.

Að loknum ítarlegum umræðum var samþykkt að fela sviðsstjóra lögfræðisviðs sambandsins að gera breytingar á framlögðum drögum að umsögn í ljósi þeirrar umræðu sem fram fór á fundinum og senda stjórnarmönnum til samþykktar áður en umsögnin verður send Alþingi.

Sigrún Björk Jakobsdóttir vék af fundi kl. 14:50 og Aldís Hafsteinsdóttir kl. 15:10.

8. Fundargerðir launanefndar - 0701495SA

Lagðar voru fram fundargerðir Launanefndar sveitarfélaga frá 30. júní og 14. ágúst 2009.

9. Fundargerðir skólamálanefndar og tengd gögn - 0504189SA

Lögð var fram fundargerð 45. fundar skólamálanefndar Sambands íslenskra sveitarfélaga frá 11. ágúst 2009, ásamt minnisblaði frá skólamálafulltrúa, dags. 19. júní 2009, með samantekt og stöðu helstu viðfangsefna skólamálanefndar árið 2008. Jafnframt var lagt fram minnisblað skólamálafulltrúa, dags. 30. júní 2009, um fund fulltrúa sambandsins með menntamálanefnd Alþingis um efnahagsvandann og áhrif á grunnskólann, ásamt fylgigögnum. Þá var einnig lagt fram minnisblað skólamálafulltrúa, dags. 10. júní 2009, með samantekt vegna sameiginlegra kynningarfunda sambandsins og menntamálaráðuneytisins um ný skólalög.

10. Heildstæð rannsókn á samfélagslegum kostnaði við atvinnuleysi - 0908026SA

Lagt var fram erindi frá Reykjavíkurborg, dags. 15. júlí 2009, þar sem lagt er til við stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga að stjórnin fari þess á leit við ríkisstjórn Íslands að hún láti gera heildstæða rannsókn á samfélagslegum kostnaði við atvinnuleysi, m.a. með tilliti til margvíslegra félagslegra og hagrænna þátta.

Samþykkt var að taka undir tillögu starfshóps Reykjavíkurborgar og beina þeim tilmælum til ríkisstjórnarinnar að framangreind rannsókn verði gerð og vinna við hana hefjist sem fyrst.

11. Ályktun Fjórðungssambands Vestfirðinga um samgöngumál og efnahagsmál - 0907015SA

Lögð var fram til kynningar ályktun stjórnar Fjórðungssambands Vestfirðinga um samgöngumál og efnahagsmál frá 8. júlí 2009.

12. Bókun Fjórðungssambands Vestfirðinga um rannsóknir auðlinda á hafsbotni - 0907015SA

Lagt var fram til kynningar erindi frá Fjórðungssambandi Vestfirðinga, dags. 6. ágúst 2009, þar sem vakin er athygli á bókun stjórnar fjórðungssambandsins um mikilvægi aukinnar áherslu á frumrannsóknir á nýtingu náttúruauðlinda á hafsbotni og umhverfisáhrifum þeirra.

13. Ályktun stjórnar SSNV vegna þjóðlendukrafna - 0811645SA

Lögð var fram til kynningar ályktun stjórnar SSNV vegna þjóðlendukrafna frá 30. júní 2009, þar sem m.a. fagnað er ákvörðun fjármálaráðherra um frestun á frekari lýsingu þjóðlendukrafna.

14. Endurfjármögnun erlendra lána sveitarfélaga - 0907014SA

Lagt var fram til kynningar afrit erindis Lánasjóðs sveitarfélaga til fjármálaráðherra, dags. 3. júlí 2009, þar sem óskað er eftir því að ríkissjóður láni LS hluta þeirra erlendu lána sem hann hyggst taka á næstunni svo LS geti endurlánað sveitarfélögum og stofnunum þeirra svo unnt verði að endurgreiða höfuðstól erlendra lána þeirra sem eru á gjalddaga á næstunni.

15. Tilnefning tengiliðar vegna samráðs um velferðarmál - 0907012SA

Lagt var fram til kynningar erindi frá félags- og tryggingamálaráðuneytinu, dags. 1. júlí 2009, þar sem óskað er tilnefningar á tengilið sambandsins við ráðuneytið vegna vinnu við hagræðingu í ríkisfjármálum, húsnæðismál, endurskoðun almannatryggingakerfisins, starfsendurhæfingarmál og sameiningu stofnana á sviði almannatrygginga og vinnumála í eina stofnun um vinnu og velferð.

Jafnframt var lagt fram til kynningar svarbréf sambandsins, dags. 14. júlí 2009, þar sem Anna Guðrún Björnsdóttir, sviðsstjóri þróunar- og alþjóðasviðs, er tilnefnd sem þessi tengiliður.

16. Fjárbörf Innheimtustofnunar sveitarfélaga - 0908038SA

Lagt var fram til kynningar bréf Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga, dags. 25. ágúst 2009, þar sem athygli er vakin á áætlaðri fjárbörf Innheimtustofnunar sveitarfélaga á árinu 2009, en áætlað er að hún geti numið allt að 1.030 m.kr.

17. Umsögn um drög að skýrslu um endurskoðun almannatrygginga - 0907016SA

Lagt var fram til kynningar erindi frá félags- og tryggingamálaráðuneytinu, dags. 13. júlí 2009, þar sem óskað er eftir athugasemdum við drög að skýrslu um endurskoðun almannatrygginga, ásamt erindi sambandsins, dags. 15. júlí 2009, með umsögn þess um drögin.

18. Umsögn um frumvarp til laga um ríkisábyrgð vegna Icesave - 0907005SA

Lögð var fram til kynningar umsögn sambandsins, dags. 7. júlí 2009, til fjárlaganefndar Alþingis um frumvarp til laga um ríkisábyrgð vegna Icesave.

19. Umsögn vegna athugunar á áhrifum skipulagsmála og úthlutunar lóða á samkeppni - 0908020SA

Lögð var fram til kynningar umsögn sambandsins að beiðni Samkeppniseftirlitsins, dags. 14. ágúst 2009, vegna athugunar á áhrifum skipulagsmála og lóðarúthlutunar sveitarfélaga á samkeppni.

Samþykkt var að taka málið til frekari umræðu á næsta fundi stjórnarinnar.

Sigrún Stefánsdóttir vék af fundi kl. 15:25.

20. Umsögn um matmælafrumvarp - 0902074SA

Lögð var fram til kynningar umsögn sambandsins, dags. 10. ágúst 2009, um frumvarp til laga um endurskoðun á undanþágum frá I. kafla I. viðauka við EES-samninginn.

21. Umsögn um frumvarp til laga um þjóðaratkvæðagreiðslur - 0907006SA

Lögð var fram til kynningar umsögn sambandsins, dags. 7. júlí 2009, um frumvarp til laga um þjóðaratkvæðagreiðslur.

Næsti fundur er ráðgerður fimmtudaginn 24. september nk.

Fundi var slitið kl. 15:30.

Halldór Halldórsson

Þorleifur Gunnlaugsson

Dagur B. Eggertsson

Lúðvík Geirsson

Gunnar Einarsson

Elín R. Líndal

Sigrún Björk Jakobsdóttir

Sigrún Stefánsdóttir

Aldís Hafsteinsdóttir

Þorvaldur Guðmundsson

framkvæmdarstjóri

ritari